

Kennsla á vorönn 2019 hófst mánudaginn 7. janúar. Kennslu- og námsmatsdögum lauk mánudaginn 20. maí. Önninni lýkur svo þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 74 nemendur sem nú útskrifast hafa fengið skírteini sín afhent.

Í upphafi annar voru nemendur Fjölbrautaskólans 467 sem er aðeins færri en á síðustu vorönn.

Eldri nemendur, fæddir 1993 og fyrr, eru um 18% nemenda skólans. Stærsti hluti fullorðinna nemenda er í svokölluðu dreifnámi. Dreifnámsnemendur eru í fjarnámi en mæta í skólann nokkrum sinnum á önninni, gjarnan á kvöldin og um helgar. Þannig getur fólk sótt skóla en jafnframt stundað vinnu. Dreifnámið hefur einnig gert fólk sem býr utan Akraness mögulegt að ljúka námi þó það sé komið yfir hefðbundinn skólaaldur og sé í fullri vinnu í sinni heimabyggð. Þessir nemendur stunda nám í vélvirkjun, húsasmíði, húsgagnasmíði og sjúkraliðanámi.

Hlutfall nemenda 16 til 20 ára er svipað og á síðustu vorönn. Á þessari önn eru karlar 52% nemenda skólans en konur 48%. Það eru aðeins fleiri konur en karlar á stúdentsbrautum, karlar eru í miklum meirihluta í iðnnáminu en konur í sjúkraliðanámi.

----

Það var mikið um að vera í skólanum á þessari önn. Meðal þess voru árshátíð og Opnir dagar. Meðal þess sem nemendur gerðu á opnum dögum var að spila félagsvist, spila fótbolta, fara á ýmsa fyrirlestra eins um núvitund, umhverfismál, kínversku, sjálfstyrkingu og verstu kvikmynd allra tíma. Þeir lærðu að baka, spila, búa til krem og elda án sykurlausa svo fátt eitt sé talið upp. Veggjalist er eitt af viðfangsefnum opinna daga og fengum við nýtt listaverka á einn vegg skólans nú á þessari önn.

Við höldum stærðfræðikeppnin fyrir grunnskólana á Vesturlandi. Alls tóku ?? nemendur þátt í keppninni að þessu sinni. 10 efstu keppendur í hverjum aldursflokki fá viðurkenningu þrjú efstu sætin í hverjum árgangi fá peningaverðlaun.

Mikið starf var unnið í kynningamálum á þessari önn. Við vorum þátttakendur í útgáfu blaðsins 20 20 en það blað var sent til allra nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla. Titill blaðsins 20 20 vísar til þess markmiðs að 20% nemenda velji iðnám fyrir árið 2020. Tilgangur blaðsins var að vekja athygli á fjölbreyttum störfum í iðn-, tækni- og verkgreinum.

Nemendur tíundu bekkja Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, Heiðarskóla og Kleppjárnsreykjaskóla heimsóttu okkur í febrúar og fengu leiðsögn um skólann í fylgd nemenda Fjölbrautaskólans. Kynningin tókst vel og er nemendum okkar sem tóku þátt í henni færðar þakkir fyrir þeirra framlag.

Við tókum þátt í sýningunni "Mín framtíð 2019" í Laugardalshöll. Þar kynntu við skólann með áherslu á verknám og íþróttafrekssviðið. Sýningin tókst vel, þangað var boðið öllum grunnskólanemum landsins í 9. og 10 bekk auk þess sem hún var opin almenningi einn dag. Samhliða sýningunni var Íslandsmót iðnnema, þar áttum við fulltrúa það var Jóhann Hlíðar Hannesson sem keppti í húsasmíði.

Opið hús var haldið í mars þar sem nemendur og forráðamenn gátu komið og kynnt sér skólann. Auk þess fór skólameistari ásamt nemendum, náms- og starfsráðgjafa og kennara í kynningaferðir í grunnskóla á Vesturlandi.

Í mars tók hópur nemenda frá okkur þátt í Háskólaherminum, nemendurnir voru tvo daga í Háskóla Íslands þar sem þeir kynntu sér nám á hinum ýmsu deildum.

Að vanda stóðu nemendur okkar sig vel á ýmsum sviðum.

Leiklistarklúbburinn setti upp leikritið Rock of ages í samvinnu við Tónlistarskólann á Akranes, eins og áður var þetta glæsileg sýning hjá leiklistarklúbbnum sem fékk góða dóma.

Gettu betur liðið keppti í janúar, þau stóðu sig vel en komust ekki áfram.

Söngkeppni NFFA var haldinn í apríl, það var Jóna Alla Axelsdóttir sem bar sigur úr býtum og var fulltrúi okkar í aðalkeppninni sem fram fór hér á Akranesi í lok apríl.

Nemendur starfsbrautar tóku þátt í hæfileikakeppni starfsbrauta sem haldin var í Grundarfirði þetta árið. Það voru systkinin Bryndís Jóna og Brynjar Örn Hilmarsbörn sem sungu fyrir okkar hönd, þau stóðu sig frábærlega þó þau hafi ekki sigrað að þessu sinni.

Góðgerðarfélagið Eynir stóð sig vel að vanda, þau stóðu fyrir margskonar fjáröflunum til styrktar góðum málefnum.

Þjóðfundur var haldinn 11. febrúar, þar var haldið áfram að vinna með gildi skólans, jafnrétti, virðingu og fjölbreytileika, undir stjórn Ingrid Kulman.

Nemendur í umhverfisnefnd boðuðu til lofslagsverkfalls 15. mars, þá gengur flestir nemendur skólans úr tíma og héldu á fund á Akratorgi.

Fréttablað FVA var gefið út á rafrænu formi á þessari önn, ritstjóri fréttabréfsins er Björg Bjarnadóttir.

Á vorönninni tókum við í notkun *Verið*, sem er nýtt náms- og stuðningsver. Í *Verinu* fá nemendur fjölbreytta námsaðstoð, t.d. við skipulagningu náms, upplýsingar um forrit og tækni sem nýtist þeim í námi ásamt því að fá aðstoð við heimanám, verkefna- og ritgerðasmíð. Auk þess er veitt námsaðstoð í stærðfræði og almennum greinum einu sinni í viku.

Það má með sanni segja að Fjölbrautaskóli Vesturlands sitji nú á grænni grein í umhverfismálum því 1. apríl afhenti Katrín Magnúsdóttir, verkefnastjóri Skóla á grænni grein hjá Landvernd, fulltrúum umhverfisnefndar skólans Grænfánann í fyrsta sinn. Umhverfisnefnd hefur unnið að því um langa hríð að fá að flagga Grænfánanum og nú loks hefur því markmiði verið náð.

Nemendur FVA fóru í nokkrar vettvangsferðir, þeir heimsóttu m.a. Hamar og Elkem á Grundatanga, Límtré Vírnet í Borganesi

Meðal gesta sem heimsóttu okkur á önninni. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Dr, Erla Björnsdóttir kom til okkar og hélt fyrirlestur á sal skólans um mikilvægi svefns fyrir líkamlega og andlega heilsu.

Nú í lok vorannar láta fjórir kennarar af störfum Flemming Madsen, Jón Gunnar Axelsson, Bjarnveig Ingvarsdóttir og Þórður Eiríksson. eru þessum starfsmönnum færðar þakkir fyrir störf þeirra við skólann.

----

Á þessari önn höfum við haldið áfram að endurnýja kennslubúnað og bæta aðstöðu nemenda og starfsmanna. Fjárhagsstaða skólans er mjög góð, og gert er ráð fyrir talsverðum fjárfestingum á næstunni. Starfsaðstaða nemenda og kennara mun því áfram verða til fyrirmyndar.

Aðalstjórn nemendafélagsins nú á vorönn var skipuð eftirtöldum nemendum: Guðjón Snær Magnússon var forseti og með honum í stjórn voru Ylfa Örk Davíðsdóttir, Ísak Máni Sævarsson, Birta Margrét Björgvinsdóttir, Árni Þórir Heiðarsson og Kristófer Leon Ívarsson.

Á þessari önn voru eftirtaldir nemendur í forsvari fyrir klúbba nemendafélagsins: fyrir Tónlistarklúbb Logi Breiðfjörð Franklínsson, Árni Þórir Heiðarsson fyrir Íþróttaklúbb, Thelma Raket Ottesen, Hrönn Eyjólfsdóttir og Freyja María Sigurjónsdóttir fyrir Leiklistarklúbb, Aðalbjörg Egilsdóttir, Ólöf Gunnarsdóttir, Bjarney Helga Guðjónsdóttir og Sólveig Erna Þorsteinsdóttir fyrir Góðgerðafélagið Eynir, Jófríður Ísdís Skaftadóttir fyrir Femínistafélagið Bríet og Jón Hjörvar Valgarðsson fyrir Viskuklúbbinn.

Við þökkum nemendum fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

Annáll vorannar 2019 í Fjölbrautaskóla Vesturlands

Ný stjórn nemendafélagsins fyrir næsta skólaár var kosin í maí. Forseti fyrir næsta skólaár var kjörinn Björgvin Þór Þórarinsson. Með honum í stjórn verða Maron Snær Harðarson, Gylfi Karlsson, Oddný Guðmundsdóttir og Eyrún Sigþórsdóttir. Fulltrúi nýnema í stjórn NFFA verður síðan kosinn í ágúst.

----

Læt ég nú lokið annáli vorannar 2019 og óska ég ykkur sem útskrifist frá skólanum í dag til hamingju með þann áfanga sem þið hafið nú náð. Þið megið vera stolt af því að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur og því sem þið vinnið gott í framtíðinni.